

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306
9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 3 750.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 1 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld.

1. Gróðurhús kr. 870.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 2 495.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1979. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gíslí Einarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393, 3. nóvember 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

A og B liðir orðist svo:

A. Samkvæmt magnhemli kr. 7 389.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði

B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 369.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilvikum með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Jöfnur, sem gilda um útreikninga á heimæðagjaldi í a, b og c lið verði sem hér segir:

$$A) H=369\,452+403\times V$$

$$B) H=554\,177+605\times V$$

Hn

$$C) H= \frac{Hn}{369\,452\times n+403\times Vn} \times (369\,452+403\times V)$$

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrsta málsgrein orðist svo: